

Glömdagen

Höfundur texta og mynda: Sara Lundberg (SV)
Mirando Bok, 2021

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023.

Sögupráður: Noa er boðið í afmæli en hann og mamma hans gleymdu að kaupa gjöf! Þetta verður mjög stressandi og mamma hans er óþolinmóð við hann. Noa vill miklu frekar fara heim en að kaupa gjöf og mæta í afmælið. Hugsðu ykkur hvað er hægt að gleyma mörgu á einum degi; húfu, úlpu, afmælisgjöf. Og hver finnur svo alla týndu hlutina?

Efnisorð: Tilfinningar, afmæli, fjölskylda, lausn vanda, hugmyndaflug, daglegt líf, streita

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvaða skemmtilegu dýr finnið þið í leikfangabúðinni, hver situr í rútunni? Hver fer með rúllustiganum í verslunarmiðstöðinni?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápana. Um hvað haldið þið að bókin sé? Hvaða upplýsingar fáði þið um fólkið á myndunum?

2. Skoðið myndirnar af leikföngunum þegar þau eru í leikfangabúðinni. Hvaða dýr fela sig í hillunum, hvað segja dýrin?


3. Ennisdjásn er mikilvægt í þessari sögu. Búðu þér til kórónur og ennisdjásn.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Talið saman um: Hafið þið lent í einhverju svipuðu og Noa og mamma hans? Hafið þið týnt einhverju?

2. Hvar í líkamanum finnum við að við verðum að flyta okkur eða að við erum stressuð? Bendið og ræðið.

3. Noa langar ekki í afmælið því hann leikur sér sjaldan við Ölmum sem á afmæli. Hvernig er hægt að byrja að leika sér við einhvern sem við þekkjum ekki?



ISBN 978-952-7572-35-1

4. Á myndinni af mömmu og Noa þegar þau eru á leið heim frá Ölmum sjáum við skugga þeirra greinilega á jörðinni. Getið þið teiknað skuggann ykkar? Standið fyrir framan ljósið til að sjá skuggann ykkar nógu greinilega til að geta teiknað hann. Það er líka hægt að gera skuggaleikhús með höndunum.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Farið saman á litaveiðar! Á blaðsíðunum eru fínir og skýrir litir. Hvaða liti sjáið þið, finnið þið hluti í kringum ykkur sem eru í sömu litum?

2. Í bókinni er farið í búð þar sem er fullt af fötum og leikmunum, til dæmis ennisdjásn. Hvernig finnst þér að fara í búning! Byrjaðu á því að safna saman alls konar fötum eða leikmunum. Gakktu og talaðu eins og persónan sem þú bjóst til með því að fara í búninginn. Ræðið síðan hvað ykkur fannst um að vera einhver annar en þið sjálf?

3. Hvað heldurðu að verði á borðinu viku síðar þegar haldið er upp á afmælið í alvörunni? Teiknaðu veisluborðið séð ofan frá. Byrjaðu á því að teikna kökufötin á veisluborðinu á stórt blað.

4. Aftast í bókinni er saga sem samanstendur af myndum. Segið söguna um ennisdjásnið saman í hópnum.

5. Glömdagen byrjar á þessa leið: „Vaknaðu!“ segir mamma. Byrjið ykkar eigin sögu á þessari setningu en með allt annarri aðalpersónu og í öðru umhverfi (stað) þar sem allt gerist.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Dröm om drakar. Höfundur texta: Sanna Tahvanainen (Finnlandi). Höfundur mynda: Jenny Lucander (Finnlandi)

Jag och alla. Höfundur texta: Ylva Karlsson (Svíþjóð). Höfundur mynda: Sara Lundberg (Svíþjóð)

Olli och Mo. Höfundur texta og mynda : Eva Lindström (Svíþjóð)

Abbi og eg og abbi. Höfundar texta: Dánial Hoydal (Færeyjum). Höfundar mynda: Annika Øyrabø (Færeyjum)

MÁLAMOLI

"Veisla"

sænska

Kalas

danska

Fest

norska

Fest

íslenska

Veisla

færeyska

Veitsla

grænlenka

Inuissiertumik
nalliuttorsiutiginnineq

finnska

Juhlat

norðursamíska

Feasta



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)